

Kirkjuþing 2023-2024

17. mál - þskj. 17a

T I L L A G A

að starfsreglum um breytingu á starfsreglum um þjónustumiðstöð Þjóðkirkjunnar nr. 56/2021-2022.

(Lagt fyrir 65. kirkjuþing 2023-2024).

Flutt af Bryndísi Möllu Elídóttur.

Frsm. Bryndís Malla Elídóttir.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. gr. starfsreglnanna:

a) 1. mgr. orðast svo:

Þjónustumiðstöð Þjóðkirkjunnar veitir sóknum og öðrum starfseiningum kirkjunnar þá þjónustu sem nauðsynleg er til að tryggja árangursríkt starf kirkjunnar. Þar er jafnframt aðsetur yfirstjórnar Þjóðkirkjunnar.

b) 2. mgr. orðast svo:

Þjónustumiðstöðin skiptist í tvö ábyrgðarsvið, biskupsstofu og rekstrarstofu.

2. gr.

3. gr. starfsreglnanna orðast svo:

Starfsfólk þjónustumiðstöðvarinnar mótar nánari stefnu, viðmið og verkferla eftir því sem þurfa þykir.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 4. gr.

a) 2. mgr. fellur brott.

b) 3. mgr. verður 2. mgr.

c) Lokamálsgreinin fellur brott.

4. gr.

1. máls. 5. gr. starfsreglnanna orðast svo:

Á reglulegu kirkjuþingi að hausti skal lögð fram skýrsla þar sem gerð er grein fyrir störfum þjónustumiðstöðvarinnar.

Greinargerð.

Kirkjuþing 2021-2022 samþykkti starfsreglur um þjónustumiðstöð Þjóðkirkjunnar sem reistar voru á þingsályktun aukakirkjuþings 2021 um stjórnskipan kirkjustjórnarinnar í 7.

máli. Markmiðið var að hafa reglurnar stuttar og skýrar, þ.e. rammareglur. Nánari útfærslur komi fram í verkferlum og viðmiðum um einstaka starfsþætti. Það er mat flutningsmanns að enn megi stytta og einfalda reglurnar enda ekki þörf á að endurtaka það sem þegar hefur verið samþykkt um stöðu og verkefni kirkjustjórnarinnar. Flutningsmaður telur að starfsreglur þjónustumiðstöðvarinnar eigi að fjalla almennt um starf þjónustumiðstöðvarinnar en að ekki sé þörf á því að tilgreina sérstaklega ákveðin verkefni biskups og framkvæmdastjóra. Með því að einfalda reglurnar verða þær að mati flutningsmanns skýrari og snúa með markvissari hætti að starfsemi þjónustumiðstöðvarinnar sem starfar í einingu með tvö svið, rekstrarstofu og biskupsstofu. Í skipuriti kirkjunnar og verkferlum kemur skýrt fram hvernig verkefnum er háttað milli sviða og því ekki þörf á að einstaka þættir þeirra komi fram í starfsreglum um þjónustumiðstöðina. Minnt er á að þjónustumiðstöðin starfar á grundvelli þess skipulags og verkaskipta sem kirkjuþing mælir fyrir um.

Um 1. gr.

Hér er lagt til að fellt sé niður að biskup eða kirkjuþing meti hvað heyri undir starfsemi þjónustumiðstöðvarinnar enda má ætla að slíkt mat sé sjálfgefið í starfsemi þjónustumiðstöðvar. Einnig er lagt til að fellt sé út hver sé ábyrgðarmaður rekstrarstofu og biskupsstofu þar sem það kemur fram í öðrum samþykktum kirkjuþings.

Um 2. gr.

Hér er lögð til sú orðalagsbreyting að starfsfólk þjónustumiðstöðvarinnar vinni að nánari útfærslu og verkferlum. Slík vinna er ávallt unnin undir forystu yfirmanna og leggur breytingin áherslu á að þjónustumiðstöðin starfi sem eining tveggja sviða.

Um 3. gr.

Lagt er til að fellt sé út hvernig hvort svið fyrir sig ráði starfsfólk til starfa þar sem ekki er talið nauðsynlegt að festa í starfsreglur hvernig starfsfólki þjónustumiðstöðvar beri að vinna að einstökum verkefnum. Mikilvægt er að allt samráð og samstarf sé svo sjálfsagt að ekki þurfi að tilgreina það sérstaklega í starfsreglum undir ákveðnum sérverkefnum. Þá er lagt til að tilvísun í aðrar starfsreglur sem snúa að ráðningu vígðra þjóna sé felld út.

Um 4. gr.

Ákvæðið þarfnast ekki skýringar.